

Landsvirkjun
Björn Stefánsson
Háaleitisbraut 68
103 REYKJAVÍK

2000080052
8610; 8611; 8612;
8709; 9310

Reykjavík, 23. nóvember 2000
/--

Efni: Búðarhálsvirkjun og Búðarháslína 1. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Landsvirkjunar að matsáætlun um Búðarhálsvirkjun og Búðarháslínu 1.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Landsvirkjunar dags. 23. október 2000 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Landsvirkjun, Verkfræðistofan Hönnun hf.: Búðarhálsvirkjun, allt að 120 MW virkjun og 220 kV Búðarháslína 1. Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun. 23. október 2000.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Ásahreppi, Djúpárhreppi, Holta- og Landsveit, Gnúpverjahreppi, Náttúruvernd ríkisins, Ferðamálaráði, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, Landgræðslu ríkisins, Orkustofnun, Vegagerðinni, veiðimálastjóra, Þjóðminjasafni Íslands og samvinnunefnd Miðhálandis. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Ásahreppi með bréfi dags. 15. nóvember, Djúpárhreppi með bréfi dags. 6. nóvember 2000, Gnúpverjahreppi með bréfi dags. 16. nóvember 2000, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 13. nóvember 2000, Ferðamálaráði með bréfi dags. 8. nóvember 2000, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 3. nóvember 2000, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu með bréfi dags. 7. nóvember 2000, Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 7. nóvember 2000,

Orkustofnun með bréfi dags. 9. nóvember 2000, Vegagerðinni með bréfi dags. 8. nóvember 2000, veiðimálastjóra með bréfi dags. 9. nóvember 2000, Þjóðminjasafni Íslands með bréfi dags. 16. nóvember 2000 og samvinnunefnd Miðhálandis með bréfi dags. 2. nóvember 2000. Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfi dags. 17. nóvember 2000.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim athugasemdum sem gerð er grein fyrir hér að neðan.

Framkvæmd og framkvæmdasvæði

Í umsögn iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins er bent á að í matsskýrslu þurfi að fjalla um gerð og legu aðkomuvega að virkjuninni, bæði frá brú við Hald og einnig frá stíflu við Köldukvíslarármót. Jafnframt kemur fram að gera þurfi grein fyrir hugsanlegri gerð nýrra vegslóða í Þóristungum í stað þeirra er fara þar undir lón. Ásahreppur hefur óskað eftir því við Landsvirkjun að lagður verði vegslóði meðfram fyrirhuguðu Sporðöldulóni að norðan og vestan í stað núverandi slóða sem muni fara í kaf. Settur er fyrirvari um lagningu aðkomuvegar að stöðvarhúsi um Fögrulindir og niður með Uppgöngugili. Vegagerðin bendir í umsögn sinni á að fram þurfi að koma hvernig nýir vegir tengist þjóðvegum, hvernig tengingu núverandi slóða á Búðarhálsi verði háttáð og hver verði áhrif nýrra vega á aðkomu fólks og fénaðar á því svæði. Einnig bendir Vegagerðin á að gera þurfi áætlun um magn þungaflutninga um þjóvegakerfið á framkvæmdatíma.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að í matsskýrslu verði greint frá áformum um að lagfæra núverandi slóð frá væntanlegum stíflustæðum að vegi að stöðvarhúsi. Gerð verði grein fyrir mismunandi kostum á vegalagningu að stöðvarhúsinu um Fögrulindir, niður með Uppgöngugili og breytingu á áhrifasvæði vegalagningar á umræddu svæði. Einnig kemur fram að í tengslum við hugsanlegar mótvægisáðgerðir vegna framkvæmdanna verði í matsskýrslu greint frá gerð nýrra vegslóða í Þóristungum í stað þeirra sem fara undir lón. Fjallað verði um hvernig nýir vegir tengist þjóðvegum og gerð verði áætlun um magn þungaflutninga um þjóvegakerfið á framkvæmdatíma.

Skipulagsstofnun telur sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum að í lýsingum á fyrirhugaðri framkvæmd, framkvæmdasvæði, og starfsemi sem framkvæmdinni fylgir þurfi í matsskýrslu að greina frá eftirfarandi í máli, á uppdráttum og ef við á með skýringarmyndum: Öllum vegum og vegslóðum, legu, lengd og efnismagni,

frágangi og tengingu þeirra við þjóðvegakerfið, magn þungaflutninga um þjóðvegakerfið á framkvæmdatíma og aðkomu fólks og fénaðar að Búðarhálsi.

Aðrir kostir

Virkjun

Skipulagsstofnun telur að í matsáætlun og matsskýrslu þurfi að greina frá því hver sé staða Búðarhálsvirkjunar gagnvart Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Háspennulína

Í umsögn Náttúrverndar ríkisins er bent á að fjalla þurfi um þann möguleika að leggja háspennulínuna í jörð yfir Búðarháls. Orkustofnun bendir í umsögn sinni á að nauðsynlegt sé að í matsskýrslu liggi fyrir áætlaður kostnaður einstakra línuleiða.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að í matsskýrslu verði greint frá þeim möguleika að leggja háspennulínuna í jörð.

Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að bera saman áætlaðan kostnað við ólíka valkosti á línuleiðum og þ.m.t. að leggja háspennulínuna í jörð.

Skipulag og leyfi

Í umsögn samvinnunefndar Miðhálandis er bent á að samkvæmt tillögu að matsáætlun sé staðsetning stöðvarhúss, umfang lóns, línustæði og vegstæði í Ásahreppi og í Holta- og Landsveit ekki í samræmi við Svæðisskipulag Miðhálandis Íslands 2015.

Eins og kunnugt er kallar framkvæmdin á breytingu á Svæðisskipulagi Miðhálandisins. Ósk um breytingu hefur þegar verið lögð fyrir samvinnunefnd Miðhálandisins sem óska mun umsagnar hlutaðeigandi sveitarfélaga. Sá hluti línulagnar sem er í Gnúpverjahreppi er í samræmi við Aðalskipulag Gnúpverjahrepps frá 1995.

Samkvæmt úrskurði úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála frá 25. október 2000 er staðfest aðalskipulag ófrávíkjanleg forsenda deiliskipulags og því ekki hægt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi á grundvelli svæðisskipulags. Því getur Skipulagsstofnun að óbreyttum lögum ekki mælt með því að auglýst verði tillaga að deiliskipulagi fyrr en fyrir liggur aðalskipulag fyrir hlutaðeigandi sveitarfélög. Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til breytinga á skipulags- og byggingarlögum þar sem m.a. er gert ráð fyrir að heimilt verði að gera deiliskipulag á grundvelli svæðisskipulags, ef í svæðisskipulaginu er mörkuð stefna um viðkomandi málaflokk.

Póroddur F. Þóroddsson

Auður Andrésdóttir

Fylgiskjöl: Umsagnir frá Ásahreppi dags. 15. nóvember 2000, Djúparhreppi dags. 6. nóvember 2000, Gnúpverjahreppi dags. 16. nóvember 2000, Náttúruvernd ríkisins dags. 13. nóvember 2000, Ferðamálaráði dags. 8. nóvember 2000, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 3. nóvember 2000, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu dags. 7. nóvember 2000, Landgræðslu ríkisins dags. 7. nóvember 2000, Orkustofnun dags. 9. nóvember 2000, Vegagerðinni dags. 8. nóvember 2000, veiðimálastjóra dags. 9. nóvember 2000, Þjóðminjasafni Íslands dags. 16. nóvember 2000 og samvinnunefnd Miðhálandis dags. 2. nóvember 2000.

Afrit: Hönnun, Ásahreppur, Djúparhreppur, Holta- og Landsveit, Gnúpverjahreppur, Náttúruvernd ríkisins, Ferðamálaráð, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Landgræðsla ríkisins, Orkustofnun, Vegagerðin, veiðimálastjóri, Þjóðminjasafn Íslands og samvinnunefnd Miðhálandis.